



Velferðarnefnd

Fundargerð 9. fundar velferðarnefndar Langanesbyggðar föstudaginn 13. apríl 2018. Fundurinn er haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar og hófst kl. 15:00.

Mætt voru: Jón Gunnþórsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Ránar Jónsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður spurði hvort athugasemd væri gerð við fundarboð. Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Heilsueflandi sveitarfélag

Lögð er fram tillaga að samþykkt um þátttöku Langanesbyggðar í verkefninu *Heilsueflandi sveitarfélag*, á vegum Embættis Landlæknis. Einnig lagt fram minnisblað með aðgerðaráætlun sveitarfélagsins í lýðheilsumálum.

Samþykkt um bókun: Nefndin mælir með að sveitarstjóra verði falið að undirrita þátttökuyfirlýsingu í verkefninu með embætti landlæknis. Einnig að settur verði á laggirnar þriggja manna stýrihópur til að fylgja eftir verkefninu innan sveitarfélagsins. Enn fremur að efnt verði síðar til kynningarfundar og í kjölfarið búinn til samráðshópur meðal samtaka, stofnana og annarra áhugasamra aðila um verkefnið. Stýrihópnum verði síðan falið að leggja fram tillögur um næstu skref og kostnaðaráætlun. Lagt til að í stýrihópnum verði Ásdís Hr. Viðarsdóttir, fulltrúi frá Heilsugæslunni á Þórshöfn og Jónas Egilsson sem kalli saman hópinn til fyrsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

2. Eignir Íbúðalánasjóðs til útleigu fyrir sveitarfélögin

Lagt fram bréf frá forstjóra Íbúðalánasjóðs, dags. 27. mars 2018, þar sem kynntur er möguleiki á að fá leigða íbúð í eigu sjóðsins á Bakkafirði.

3. Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti o.fl.

Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. febrúar 2018, með viljayfirlýsingu um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreitni og ofbeldi á vinnustað, til umsagnar frá sveitarstjórn.

Samþykkt um bókun: Nefndin tekur undir áskorun viljayfirlýsingarinnar og hvetur sveitarstjórn til að skilyrða styrkveitingar til frjálsra félagsamtaka gegn því að þau setji sér siðareglur sem taki á þessum málum. Nefndin hvetur einnig sveitarstjórn til að skoða siðareglur þess og herða á ákvæðum um þessi mál, eftir því sem þörf er á.

Samþykkt samhljóða.



4. Önnur mál

4.1. Drög að húsnæðisáætlun Langanesbyggðar, dags. 5. apríl 2018, lögð fram.

Samþykkt að taka áætlunina til umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

4.2. Málefni Bakkafjarðar. Tillögur starfshóps um málefni Bakkafjarðar til ríkisstjórnar Íslands frá febrúar 2018, lagðar fram til kynningar.

Nefndin fagnar framkomnum tillögum og hvetur sveitarstjórn til að fylgja þessum málum ákveðið eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35.